



Reykjavík, 30. apríl 2021

## **Efni: Upplýsingar til neytenda um NOVIS í ljósi ákvörðunar Seðlabanka Slóvakíu sem felur í sér niðurstöðu um brot félagsins.**

NOVIS<sup>1</sup> er váttryggingafélag sem dreifir vörum sínum á Íslandi og nokkrum öðrum löndum í Evrópu. Seðlabanki Slóvakíu (NBS), eftirlitsaðili váttryggingafélagsins NOVIS, hefur birt [ákvörðun](#) þar sem fram kemur að NOVIS hafi brotið gegn skyldum sínum. Brotið lýtur að fjárfestingu iðgjalda (e. investment infringement) í samræmi við skilmála váttryggingasamninga.

*Hvernig snertir NOVIS íslenska neytendur?*

- Afurðir NOVIS hafa verið seldar íslenskum neytendum í gegnum dreifingaraðila (váttryggingamiðlara) á Íslandi.

*Hvað var NBS að taka ákvörðun um?*

- Ákvörðunin felur í sér niðurstöður vettvangsathugunar hjá NOVIS. Niðurstöðurnar eru þær að NOVIS braut gegn skyldum sínum, þ.e. fjárfesti ekki mótteknum iðgjöldum viðskiptavina að fullu samkvæmt váttryggingarsamningum.
- NBS gerir úrbótakröfur til NOVIS um að félagið fjárfesti öllum iðgjöldum viðskiptavina í samræmi við váttryggingarsamninga.

*Gerir NBS aðrar úrbótakröfur til NOVIS?*

- Já. NBS hyggst birta upplýsingar um aðrar úrbótakröfur sem ákvörðun NBS felur í sér síðar á þessu ári, eða 11. maí, 1. júlí og 1. október 2021.

*Tengist þessi ákvörðun bráðabirgðaákvörðun sem NBS tók í september 2020?*

- Bráðabirgðaákvörðunin í september 2020 markaði upphaf viðurlagamáls NBS gegn NOVIS.
- Viðurlagamálið hófst í kjölfar niðurstöðu vettvangsathugunar hjá NOVIS sem unnin var í samstarfi NBS, EIOPA<sup>2</sup> og annarra eftirlitsstjórnvalda í þeim löndum sem NOVIS er með starfsemi.
- Með ákvörðuninni í apríl 2021 liggur fyrir niðurstaða NBS í viðurlagamálinu.

*Er skilyrt bann við að ljúka gerð nýrra samninga enn í gildi?*

<sup>1</sup> Fullt nafn félagsins er NOVIS Versicherungsgesellschaft, NOVIS Compagnia di Assicurazioni, NOVIS Poist'ovňa a.s.

<sup>2</sup> Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin

- Nei. Sá hluti bráðabirgðaákvörðunar NBS sem bannaði NOVIS að ljúka gerð nýrra samninga um með fjárfestingaþætti var afturkallaður í febrúar 2021. Aðrir hlutar bráðabirgðaákvörðunarinnar héldu áfram gildi sínu þar til lokaákvörðun NBS lá fyrir.

*Hvað þýðir ákvörðun NBS fyrir samninginn minn?*

- Fjármálaeftirlitið bendir neytendum á það sem fram kemur í ákvörðun Seðlabanka Slóvakíu að fjárfestingar NOVIS hafi numið lægri fjárhæð en sem nemur stöðu á tryggingareikningum váttryggingataka og að því kunni að vera uppi óvissa um stöðu NOVIS. Váttryggingasamningar NOVIS eru samsettir með fjárfestingaþætti og áhættutryggingu sem hvort um sig getur haft misjafnt vægi eftir því hvernig það hefur verið útfært í samningum. Hver og einn þarf að taka ákvörðun út frá sínum hagsmunum.

*Hvert á ég að snúa mér fyrir frekari upplýsingar?*

- Fjármálaeftirlitið bendir íslenskum neytendum, sem hafa gert samninga um vörur NOVIS, á að hafa samband við þann váttryggingamiðlara eða þá váttryggingamiðlun sem þeir keyptu vöruna hjá til að fá nánari upplýsingar og leiðbeiningar.
- Íslenskir neytendur geta einnig haft beint samband við NOVIS, kjósi þeir að gera svo.

*Hver tók ákvörðunina?*

- Seðlabankinn í Slóvakíu ([Národná Banka Slovenska](#), NBS)

*Hvers vegna tók Seðlabanki Slóvakíu þessa ákvörðun?*

- EIOPA og eftirlitsstjórnvöld í þeim löndum Evrópu sem NOVIS er með starfsemi, þar á meðal á Íslandi, hafa átt í miklum samskiptum við NOVIS á undanförunum misserum um álitafni í tengslum við afurðir félagsins ([eins og kom fram í frétt Fjármálaeftirlitsins 18. september 2019](#)). Þessi álitafni tengjast bæði fjárhagsskiptyrðum og viðskiptaháttum félagsins.
- Í kjölfar vettvangsathugunar NBS, EIOPA og evrópskra eftirlitsstjórnvalda hjá NOVIS hefur Seðlabanki Slóvakíu tekið ákvörðun um að NOVIS hafi gerst sekt um brot með því að fjárfesta ekki móttæknum iðgjöldum til samræmis við skilmála váttryggingasamninga. Þá hefur NBS upplýst um að þessi ákvörðun um brot marki ekki lok viðurlagamáls NBS gegn NOVIS. NBS hyggst birta upplýsingar um aðrar ráðstafanir sem ákvörðun NBS felur í sér síðar á þessu ári, eða 11. maí, 1. júlí og 1. október 2021. Ákvörðunin er tekin með það að markmiði að tryggja hagsmuni neytenda.

*Hvað þýðir það að fjárfesta ekki iðgjöldum til samræmis við skilmála váttryggingasamninga?*

- Í skilmálum váttryggingasamninga NOVIS kemur fram hve stórum hluta þeirra iðgjalda sem viðskiptavinir greiða fyrir samninga sína til félagsins skuli fara í fjárfestingu. Samkvæmt ákvörðun NBS hefur NOVIS ekki að fullu farið eftir sínum eigin skilmálum varðandi fjárfestingu móttækinnna iðgjalda viðskiptavina sinna og því ekki fjárfest öllum þeim hluta greiddra iðgjalda til samræmis við kröfur skilmálanna.

*Af hverju má slóvakískt tryggingafélag dreifa vörum á Íslandi?*

- Félög með starfsleyfi og undir eftirliti eftirlitsstofnana á Evrópska efnahagssvæðinu geta veitt þjónustu í öllum ríkjum Evrópu að undangengnum tilkynningum til viðeigandi eftirlitsstofnana. Félögin geta veitt þjónustu yfir landamæri, m.a. í gegnum útibú, umboðsmenn og dreifingaraðila. Eftirlitsstofnanir í heimaríki félaga hafa eftirlit með því að þau uppfylli kröfur sem gerðar eru til starfsemi þeirra. Fjármálaeftirlitið hefur komið að eftirliti með viðskiptaháttum og markaðssetningu félaga sem veita þjónustu hér á landi, ásamt eftirlitstofnunum í heimaríki.
- Slóvakíska váttryggingafélagið er ekki með starfsstöð á Íslandi en dreifir vörum sínum í gegnum íslenska váttryggingamiðlara.

*Hver hafa afskipti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands verið af NOVIS hingað til?*

- Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) vísar til fyrri fréttu frá [18. og 29. september](#), [23. október](#), [13. nóvember](#) 2020 og [25. febrúar](#) 2021, þar sem greint var frá tímabundnu banni við nýsölu váttryggingarsamninga með fjárfestingaþætti sem Seðlabanki Slóvakíu (NBS) setti gagnvart NOVIS ásamt ákvörðun NBS um tímabundnar takmarkanir á frjálsri ráðstöfun eigna NOVIS.
- Fjármálaeftirlitið hefur áður birt fréttir og tilkynningar sem tengjast starfsemi NOVIS. Fjármálaeftirlitið hefur áður birt fréttir og tilkynningar sem tengjast starfsemi NOVIS. [Í júlí 2018 vakti Fjármálaeftirlitið athygli á](#) því að Seðlabanki Ungverjalands hefði stöðvað tímabundið nýsölu á söfnunarlíftryggingum NOVIS. Í fréttinni var bent á að NOVIS væri með starfsemi m.a. á Íslandi og væri þá að bjóða söfnunarlíftryggingar til íslenskra neytenda.
- Fjármálaeftirlitið hafði áður vakið athygli á hvað hafa bæri í huga við kaup á váttryggingatengdum fjárfestingaafurðum, en [frétt þess efnis birtist í júní 2018](#).
- Fjármálaeftirlitið hefur einnig tekið til athugunar viðskiptahætti váttryggingamiðlara á Íslandi í tengslum við sölu á vörum NOVIS. Tilkynningar um niðurstöður athugananna birtust í [ágúst 2018](#) og í [apríl 2019](#).
- Þá birti Fjármálaeftirlitið [frétt í september 2019](#) um að NOVIS hefði ákveðið að hætta sölu á *Wealth Insuring* afurðinni á Íslandi. Í fréttinni kom fram að ástæðan væri sú að ný tilskipun um dreifingu váttrygginga (IDD tilskipunin) hefði verið innleidd á Íslandi. Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar taldist varan einungis hæfa einstaklingum með fullnægjandi þekkingu og reynslu af fjárfestingum. Þessum sjónarmiðum hafði verið komið á framfæri við félagið af nokkrum eftir-

litsstjórnvöldum í Evrópu, þar á meðal Fjármálaeftirlitinu á Íslandi. Þessi eftirlitsstjórnvöld höfðu átt í miklum samskiptum við félagið varðandi álitaefni í tengslum við vöruna.